

Fundargerð 459. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 21. desember 2022 kl. 13:00. Fjarfundur í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR sem einnig ritaði fundargerð, Gunnar Þorgeirssonar, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), Unnsteinn Snorri Snorrason, nefndarmaður og aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan BÍ. Fundinn sat einnig Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ.

Þetta var gert:

Eitt mál var á dagskrá fundarins. Tillaga BÍ um tilfærslu fjármuna í sauðfjársamningi sem frestað var á 458. fundi. Í erindinu felst tillaga BÍ um að nýta heimild framkvæmdanefndar skv. 7. gr. reglugerðar 144/2022 um stuðning í sauðfjárrækt, til að færa fjármuni milli einstakra samningsliða, nánar tiltekið tilfærslu 20% framlaga sauðfjársamnings á árinu 2023 til býlisstuðnings, ullarnýtingar og fjárfestingarstuðnings yfir á framlög til greiðslna út á greiðslumark (beingreiðslur).

Formaður greindi frá að með hliðsjón af fyrri niðurstöðu framkvæmdanefndar frá 425. fundi þann 7. desember 2017 þar sem tekið var fyrir svipað erindi og niðurstöðu fyrirbyggjandi lögfræðiálit getur ríkið ekki fallist á tillöguna, þar sem það telur hana ekki heimila samkvæmt ákvæðum samningsins og þeirra laga sem hann byggir á.

Fulltrúar BÍ voru ekki sammála þeirri niðurstöðu og óskuðu því eftir að virkja ákvæði í samningi um starfskilyrði sauðfjárræktar samkvæmt 17. gr. um skipun gerðadóms til að skera úr um ágreiningsefnið.

„Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar búvörusamninga. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðadóms er bindandi fyrir samningsaðila.“

Formaður greindi frá því að beiðni um gerðardóm þyrfti BÍ að senda skriflega til matvælaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Það eru aðilar samningsins sem leggja ágreiningsmál í gerðardóm. Formaður tók fram að ekki hefur áður reynt á þetta ákvæði búvörusamninga. Sökum þess er ekki vitað hversu langan tíma má ætla að dómstörf taki. Formaður tók jafnframt fram að í gerðardómi er unnt að fjalla um ágreininginn/formið þ.e.a.s hvort framkvæmdanefndinni sé heimilt að flytja fjármunina á milli liða samkvæmt tillögu BÍ en sú umfjöllun gerðadóms mun ekki snúa að efnislegri niðurstöðu um tillöguna, aðeins hvort framkvæmd hennar sé heimil eða ekki

Fulltrúar BÍ óskuðu að eftirfarandi yrði bókað:

BÓKUN

Það er álit fulltrúa BÍ í framkvæmdanefnd að niðurstaða lögfræðialits LOGOS dags. 14. desember sl. feli ekki í sér lögfræðilega niðurstöðu um þann ágreining sem liggur fyrir nefndinni. Því verði ekki byggt á álitinu þar sem það innifelur m.a. ekki þær breytingar sem gerðar voru á niðurtröppun á árinu 2019 sbr. töflu 3 í samkomulaginu. Ljóst má vera að niðurstöðu þarf að fá í þetta mál og telur BÍ því að ákvæði 17.3 greinar samnings um skilyrði sauðfjárræktar hafi virkjust og skipa beri gerðardóm. Mikilvægt er að skipan dómsins verði ekki tafin þannig að niðurstaða fái st í seinasta lagi fyrir 15. janúar nk.

Tafla 3 sýnir breytingar fjárhæða:

Tafla 3 – Fjárhæðir í m.kr.

Sauðfé	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur – greiðslumark – 3. grein.	0	0	0	241	542	838	663	490	835	1.245
Gæðastýring – álagsgreiðslur – 4. grein	0	0	0	-34	-204	-372	-582	-788	-1.038	-1.028
Gripagreiðslur – 5. grein	0	0	0	-95	-225	-355	-445	-534	-621	-1.033
Eftirstöðvar eldri samnings – 16. grein	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Býlisstuðningur – 6. grein	0	0	0	-51	-51	-51	284	613	608	603
Ullarnýting – 7. grein	0	0	0	-8	-9	-8	106	218	216	214
Fjárfestingastuðningur - 9. grein	0	0	0	-49	-49	-49	-24	0	0	0
Svæðisbundinn stuðningur - 8. grein	0	0	0	-3	-3	-3	-1	0	0	0
Aukið virði afurða - 10. grein	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals sauðfjársamningur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Fulltrúar ríkisins óskuðu að eftirfarandi yrði bókað:

Texti bókana barst formanni í kjölfar fundarins.

Bókun

Samkvæmt fyrri framkvæmd framkvæmdanefndar búvörusamninga sbr. fundargerð af 425. fundi og lögfræðialiti LOGOS dags. 14. desember 2022 er það mat fulltrúa ríkisins í framkvæmdanefnd að tilfærsla fjármuna á liðinn beingreiðslur, greiðslumark, sé ekki heimil.

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 13:35.